

Breytingartillögur

við frv. til l. um váttryggingarsamninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr.
 - a. Orðin „skv. 46. gr.“ í 2. mgr. falli brott.
 - b. Á eftir orðunum „tekin vegna atvinnurekstrar“ í 2. mgr. komi: ef.
 - c. A-liður 2. mgr. orðist svo: umfang rekstraraðilans við gerð váttryggingarsamnings eða við endurnýjun hans samsvarar fleiri en fimm ársverkum.
 - d. 3. mgr. falli brott.
3. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:

Gildi önnur löggjöf en íslensk um váttryggingarsamninginn skal félagið eða sá sem gerir samninginn fyrir þess hönd upplýsa váttryggingartaka um efni þeirrar löggjafar sem gilda skal um samninginn.
4. Við 10. gr.
 - a. D-liður 2. mgr. orðist svo: iðgjald vegna váttryggingarinnar og gjalddagi þess.
 - b. E-liður 2. mgr. orðist svo: árétting til váttryggingartaka um að hann kynni sér ákvæði skilmála váttryggingarinnar er varða fyrirvara er tengjast greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur er um váttrygginguna gilda og fresti til að tilkynna um váttryggingaratburð.
 - c. F-liður 2. mgr. orðist svo: ákvæði váttryggingarsamningsins sem ekki koma fram í váttryggingarskilmálunum.
 - d. 3. mgr. falli brott.
5. Við 11. gr. 2. mgr. falli brott.
6. Við 19. gr.
 - a. Á eftir 3. másl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við þegar váttryggingartaki veitir upplýsingar fyrir hönd váttryggðs.
 - b. 3. másl. (er verði 4. másl.) 1. mgr. orðist svo: Sé upplýsinganna aflað hjá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum skal áður en þeirra er aflað liggja fyrir skriflegt, upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um.
7. Við 27. gr. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
8. Við 29. gr. A-liður 2. mgr. orðist svo: við váttryggingu ökutækja, skipa, loftfara eða annarra farartækja og húsdýra megi félagið bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða.
9. Við 32. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi váttrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka má greiðslufrestur þó vera sjö dagar hið skemmsta frá þeim degi er greiðslu var krafist. Hafi iðgjaldið ekki verið greitt við það tímamark er váttryggingafélaginu heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að fella váttrygginguna niður, enda hafi það upplýst váttryggingartaka, er greiðslu var krafist, að það mundi nýta sér rétt sinn til niðurfellingar.

10. Við 33. gr. Í stað orðanna „skv. 32. gr.“ í 1. málsli. 1. mgr. komi: skv. 1. mgr. 32. gr.
11. Við 44. gr. 3. mgr. orðist svo:
 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt. Máli sem tjónþoli höfðar á hendur félaginu eftir viðtöku slíkrar tilkynningar skal vísað frá dómi ef félagið krefst þess. Sé höfðað mál á hendur félaginu án undanfarandi tilkynningar um það getur félagið gert kröfu þessa efnis, enda komi hún fram ekki síðar en í greinargerð. Höfði tjónþoli af þessu tilefni ekki sakaraukningu innan mánaðar frá því að krafa félagsins kom fram skal málinu vísað frá dómi að kröfu þess.
12. Við 45. gr. Í stað orðanna „um er að ræða“ í 2. mgr. komi: um væri að ræða.
13. Við 50. gr.
 a. Orðin „þessarar greinar“ í 2. mgr. falli brott.
 b. 6. mgr. orðist svo:
 Almennir vextir samkvæmt þessari grein skulu vera hinir sömu og greiða ber á skaðabætur samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla þeirra laga.
14. Við 56. gr.
 a. Á eftir orðinu „váttryggingarskírteini“ í 1. mgr. komi: eða staðfest afrit þess.
 b. 1. málsli. 2. mgr. orðist svo: Nú hefur maður fengið váttryggingarskírteini eða afrit þess skv. 1. mgr. og er þá hvorki unnt að bera fyrir sig að hann fullnægi ekki skilyrðum til þess að vera þátttakandi í hópnum sem váttryggingin tekur til né að hann eigi ekki rétt á þeim greiðslum sem fram koma í váttryggingarskírteininu.
15. Við 61. gr. Í stað orðsins „heilsutryggingu“ í 3. mgr. komi: heilsutryggingu án uppsagnarréttar.
16. Við 70. gr.
 a. D-liður 2. mgr. orðist svo: iðgjald vegna váttryggingarinnar og gjalddagi þess.
 b. E-liður 2. mgr. orðist svo: árétting til váttryggingartaka um að hann kynni sér ákvæði skilmála váttryggingarinnar er varða fyrirvara er tengjast greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur er um váttrygginguna gilda og fresti til að tilkynna um váttryggingaratburð.
 c. F-liður 2. mgr. orðist svo: ákvæði váttryggingarsamningsins, sem ekki koma fram í váttryggingarskilmálunum.
 d. 4. mgr. falli brott.
17. Við 80. gr. Í stað orðsins „sex“ í síðari málslið 2. mgr. komi: fjórum.
18. Við 82. gr.
 a. Á eftir 2. málsli. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við þegar váttryggingartaki veitir upplýsingar fyrir hönd váttryggðs.
 b. 3. málsli. (er verði 4. málsli.) 1. mgr. orðist svo: Sé upplýsinganna aflað hjá öðrum en váttryggingartaka eða váttryggðum skal áður en þeirra er aflað liggja fyrir skriflegt, upplýst samþykki þess sem aflað er upplýsinga um.
19. Við 86. gr.
 a. Á eftir orðunum „Slíkur fyrirvari er þó gildur“ í 1. mgr. komi: ef.
 b. Orðið „ef“ í a-lið 1. mgr. falli brott.
 c. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: samið er um að félagið afli ekki upplýsinga um heilsufar váttryggðs við töku váttryggingar. Í slíkum tilvikum getur

- félagið gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð vegna sjúkdóms eða meins sem hinn váttryggði vissi eða mátti vita um.
20. Við 97. gr. 1. másl. orðist svo: Nú hefur ábyrgð félagsins samkvæmt líftryggingarsamningi fallið niður eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta, og má þá endurvekja váttrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangoldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að frestur skv. 1. mgr. 96. gr. rennur út.
 21. Við 112. gr. 3. másl. 2. mgr. orðist svo: Félagið skal tilkynna um skráninguna til váttryggingartaka, váttryggða og til eiganda réttinda.
 22. Við 124. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:
Sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu með eða án uppsagnarréttar glatar þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.
 - b. Fyrirsögn greinarinnar verði svohljóðandi: *Frestur til að tilkynna um váttryggingaratburð í slysa-, sjúkra- eða heilsutryggingum og til lögfræðilegra aðgerða.*
 23. Við 125. gr. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Hafi félagið vegna váttrygginga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 124. gr. sent tilkynningu skv. 2. mgr. sömu greinar fyrmist krafan fyrst þegar sá frestur líður sem þar er tilgreindur.
 24. Við 129. gr. Á eftir orðinu „váttryggingarskírteini“ í 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. komi: eða staðfest afrit þess.
 25. Við 146. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.